

Umsögn um frumvarp til laga um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra,  
mál nr. 70 á 146. löggjafarþingi,  
frá Svavari Kjarrval dags. 22. febrúar 2017

Undirritaður er fylgjandi yfirlýstum tilgangi frumvarpsins. Þó eru einhver atriði sem hann telur að þurfi að lagfæra samanber eftirfarandi;

**1. gr.**

Undirritaður vill benda á 2. gr. laga um ráðherraábyrgð þar sem vísað er til þess að ráðherra geti verið krafinn ábyrgðar ef hann fer í bága við önnur landslög af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi. Í ljósi þessa virðist hin sérstaka tilvísun í lög um ráðherraábyrgð í 1. gr. frumvarpsins vera óþörf. Auk þess er enginn rökstuðningur í greinargerðinni fyrir því að nauðsynlegt sé að hafa slíka tilvísun í þingskapalögum sjálfum, í stað þess að láta nægja að breyta lögum um ráðherraábyrgð einum og sér. Í þingmáli þessu hefur ekki verið settur fram vafi um að lög um ráðherraábyrgð eigi við um gjörðir eða vangjörðir ráðherra er kemur að skyldum þeirra samkvæmt þingskapalögum. Séu efasemdir um slíkt væri heppilegra að leggja til almennri lagabreytingar til að ná því markmiði.

Nú er ekki ljóst hvort höfundar frumvarpsins hafi ætlað sér að setja inn tilvísunina samkvæmt 1. gr. frumvarpsins með stuðningi í hinn viðbætta staflið samkvæmt 2. gr. þess, eða hvort um væri að ræða tvær aðskildar refsheimildir. Eigi hið síðarnefnda við hefði verið heppilegra að bæta við tveimur stafliðum við 10. gr. laga um ráðherraábyrgð þar sem annar þeirra væri með tilvísun í téð ákvæði þingskapalaga. Jafnframt af þeirri ástæðu að eðlilegt sé að ábyrgð ráðherra sé aðgengileg út frá þeim sérlægum sem sett hafa verið um málefnið en ekki öfugt. En ef hið fyrrnefnda á við hefði verið heppilegra að setja einvörðungu inn tilvísun af þeirri ástæðu að ósamræmi í orðalagi veldur því að óljóst sé hvort stafliðurinn nái yfir öll tilvikin í téðu ákvæði þingskapalaga. Dæmi um slíkt er að hinn nýi stafliðurinn kveður ekki á um að það sé refsivert fyrir ráðherra að leyna upplýsingum gagnvart þingnefnd þegar hún biður um þær vegna undirbúnings máls, þó skyldan til að veita upplýsingarnar sé svo sannarlega til staðar samkvæmt umræddu ákvæði þingskapalaga.

**2. gr.**

Bent er á að bæði 2. gr. frumvarpsins og 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga vísa eingöngu til upplýsinga sem „hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins“ á tilteknu máli. Sé litið til tillagna Stjórnlagaráðs er í 3. mgr. 93. gr. þeirra vísað almennt til upplýsinga sem ráðherra veitir en þó án þess að það sé bundið við mikilvægi þeirra, hvort sem þær séu veittar í tengslum við tiltekið þingmál eður ei.

Mat á því hvort tiltekna upplýsingar geti haft þau áhrif að lyktir máls hefðu verið aðrar, getur verið á nokkuð gráu svæði. Í mögulegu máli fyrir Landsdómi gæti verið erfitt að færa sönnur á að lyktir máls hefðu verið aðrar nema í allra augljósustu atvikum. Jafnvel þá er mögulegt að dómstóllinn telji sig ófæran til þess að leggja mat á slíkt eða það sé óviðeigandi með hliðsjón af hugmyndafræðinni um aðgreiningu ríkisvalds. Undirritaður skilur vel að hér sé verið að undanskilja möguleg „smámál“ sem eðlilega ættu ekki heima hjá Landsdómi. Þó þarf auðvitað að íhuga hvort sá fyrirvari sé svo nauðsynlegur enda gerð krafa um ásetning eða stórkostlegt hirðuleysi og þyrfti þá mikið til þess að það gerist í þessu samhengi, auk þess varnagla að málsókn fer ekki fram nema samkvæmt meirihlutavilja þingsins. Í greinargerðinni er vísað í þá hugmyndafræði sem 93. gr. tillagna Stjórnlagaráðs ber með sér og því tilvalið að sleppa fyrirvaranum nema sérstök rök séu fyrir því að halda honum.

Svavar Kjarrval,  
þann 22. febrúar 2017